

## ÁRANGURSSTJÓRNUNARSAMNINGUR

### milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

#### 1. Tilgangur

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur mennta- og menningarmálaráðuneytis og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, við útfærslu á lögbundnu hlutverki stofnunarinnar. Tilgangurinn er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli og upplýsingamiðlun á milli ráðuneytisins og stofnunarinnar ásamt því að leggja grunn að áætlanagerð og mati á árangri af starfsemi hennar.

Samkomulagið breytir ekki lögbundnum skyldum stofnunarinnar og heimildum ráðherra.

#### 2. Hlutverk og verkefni

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er ríkisstofnun undir yfirstjórn mennta- og menningarmálaráðuneytis. Hlutverk stofnunarinnar er að stunda rannsóknir og sjúkdómagreiningar á sviði dýrasjúkdóma og dýraheilbrigðis. Stofnunin starfar eftir lögum nr. 67/1990 um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum með síðari breytingum og lögum nr. 50/1986 um Rannsóknadeild fisksjúkdóma með síðari breytingum. Tilraunastöðin hefur leitast við að sinna þeim margvíslegu hlutverkum sem henni er ætlað. Starfsemi er fjölpætt og aðferðum margra fræðigreina er beitt í rannsóknum og þjónustu, þ.e. príónfræði, veirufræði, bakteríufræði, sníkjudýrafræði, meinafræði, ónæmisfræði og sameindalíffræði.

Helstu verkefni Tilraunastöðvar Háskóla Íslands að Keldum samkvæmt lögum eru:

1. Að stunda grunnrannsóknir í líf- og lækisfræði dýra og manna.
2. Að annast rannsóknir og þjónustu í þágu heilbrigðiseftirlits, sjúkdómsgreininga og sjúkdómsvarna fyrir búfé og önnur dýr í samstarfi við Matvælastofnun og þróa aðferðir í því skyni. Enn fremur að vera Matvælastofnun til ráðuneytis um allt er varðar sjúkdóma í dýrum og varnir gegn þeim.
3. Að þróa, framleiða, flytja inn og dreifa bóluefni og lyfjum gegn sjúkdómum í búfé og öðrum dýrum.
4. Að veita háskólakennurum og öðrum sérfræðingum, sem ráðnir eru til kennslu og rannsókna á sviðum stofnunarinnar, aðstöðu til rannsókna eftir því sem við verður komið.
5. Að annast endurmenntun dýralækna eftir því sem aðstæður leyfa og miðlun upplýsinga til þeirra í samvinnu við Matvælastofnun.
6. Að annast eldi á tilraunadýrum fyrir vísindalegar rannsóknir í landinu.
7. Að taka þátt í rannsóknum og þróunarvinnu í þágu líftækni og líftækniöðnaðar í landinu.

#### 3. Markmið og áherslur

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er háskólastofnun sem tengist læknadeild en hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Starfsemi er skipt í þrjár fagdeildir; 1) Veiru og sameindalíffræðideild, 2) Bakteríu-, sníkjudýra- og meinafræðideild og 3) Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

Í viðauka við samning þennan verður lýsing á helstu áherslum og markmiðum Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Fyrir 1. apríl 2013 skal lokið við gerð lýsingarinnar ásamt skilgreiningu mælikvarða til að mæla árangur stofnunarinnar á grundvelli fyrirliggjandi stefnu og markmiða. Viðauki samnings þessa er síðan til umræðu og endurskoðunar á reglulegum fundum samningsaðila.

Megináherslur í starfi Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum eru m.a. eftirfarandi:

- Að stunda öflugar rannsóknir og þjónustu á dýrasjúkdómum og efla skilning á eðli sjúkdóma og miðla henni til vísindasamfélagsins og atvinnulífsins.

S.F. 14

- Að viðhalda og efla sterk tengsl stofnunarinnar við þarfir atvinnulífsins, stjórnsýslu og stofnanir og vera virkur þátttakandi í samstarfsverkefnum og samstarfi við háskóla og aðrar rannsóknastofnanir.
- Að hafa ávallt á að skipa sérmenntuðum og framsæknum vísindamönnum í fremstu röð á fagsviðum stofnunarinnar og að stofnunin hafi trausta rannsóknainnviði til að hægt sé að stunda hágæða rannsóknastarf.
- Að starfrækja öryggisrannsóknarstofu og hafa ávallt á að skipa sérþjálfuðum sérfræðingum til að sinna rannsóknum sem krefjast slíkrar aðstöðu.
- Að starfsfólki stofnunarinnar standi til boða starfsþjálfun og endurmenntun með reglubundnum hætti.
- Að nemendur í rannsóknaverkefnum fá aðstöðu og handleiðslu við verkefni sín.
- Að viðhalda núgildandi faggildingu á prófunaraðferðum og vottun stofnunarinnar til þjónusturannsókna auk þess að faggilding taki til fleiri prófunaraðferða stofnunarinnar.
- Að gegna hlutverki landsbundinnar tilvísanarrannsóknarstofu skv. 33. gr. reglugerðar EB/882/2004 sem innleidd var með reglugerð 106/2010 og tillögu MAST dags. 31.10.2011 um tilvísunarrannsóknarstofur fyrir matvæli, fóður og heilbrigði dýra.

#### 4. Gagnkvæmar skyldur

##### Ábyrgð og skyldur Tilraunastöðvar Háskóla Íslands að Keldum.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum skal annast þau verkefni sem stofnuninni eru falin skv. lögum og reglugerðum. Forstöðumaður er tengiliður gagnvart ráðuneyti og ábyrgðaraðili samkomulags þessa.

Í samræmi við áherslur og markmið um árangursstjórnun skal Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum leggja fram langtímaáætlun til 5 ára, fyrir 1. júlí 2013, þar sem fram kemur hvernig stofnunin hyggst vinna að markmiðum sínum.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum mun fyrir 15. desember leggja fram ársáætlun fyrir komandi ár samanber ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga, sem innihaldi bæði rekstraráætlun, verkefnaáætlun og tiltekin markmið og mælikvarða innan ársins á grundvelli langtímaáætlunar.

Fjármálastjórn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum skal vera í samræmi við reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta, svo og ákvæði laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum skuldbindur sig til að haga rekstri sínum þannig að útgjöld séu innan fjárheimilda og fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum skal í upphafi árs skila inn niðurstöðu verkefnaáætlunar liðins árs og hvernig stofnuninni gekk að ná þeim markmiðum sem sett voru fyrir undangengið ár.

Tryggir reglubundna kynningu innan stofnunar á stöðu samkomulags þessa


Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum vinnur að jafni stöðu kynjanna í starfi sínu.

##### Ábyrgð og skyldur mennta- og menningarmálaráðuneytis

Skilar fjárlagatillögum til fjármálaráðuneytis og annast samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar. Við tillögugerðina mun ráðuneytið beita sér fyrir því að fjárveitingar verði í samræmi við áherslur og markmið í samkomulagi þessu og að sértekjur stofnunarinnar hafi ekki áhrif á framlag ríkissjóðs.

Vekur athygli stofnunarinnar á laga- og reglugerðarbreytingum er varða starfssvið hennar og kunna að hafa áhrif á framkvæmd þeirra verkefna sem samningurinn nær til.

Ráðuneytið leggur mat á árangur Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum við framkvæmd þeirra verkefna sem samningur þessi kveður á um. Mat þetta skal liggja fyrir eigi síðar en mánuði eftir að stofnunin hefur skilað inn gögnum fyrir undangengið ár.

S.S. 

Boðar fasta fundi, ritar fundargerðir og vinnur úr árlegum fundum í samráði við stofnunina, m.a. endurskoðun samkomulags þessa, sé talið tilefni til.

Tilnefnir tengilið/umsjónarmann þessa samkomulags gagnvart stofnuninni.

Ráðuneytið skal taka afstöðu til þeirra markmiða, forgangsröðunar og mælikvarða sem fram koma í langtímaáætlun stofnunarinnar, innan eins mánaðar frá því áætlunin er lögð fram.

Stefnt skal að því að halda árlegan fund ráðuneytisins með forstöðumanni Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum um málefni sem varða hann sérstaklega.

## 5. Reglulegir fundir

Fulltrúar ráðuneytisins og stofnunarinnar halda fund tvisvar á ári til að ræða samkomulag þetta, málefni stofnunarinnar og samskipti sín á milli.

Miða skal við að fyrri fundur verði í mars eða apríl og að fastir liðir verði:


- Starfsemi stofnunarinnar og árangur á liðnu ári.
- Ársskýrsla stofnunarinnar fyrir liðið ár um samanburð á útgjöldum og fjárheimildum og samanburður á markmiðum ársins og útkomu.
- Staða mála í samanburði við starfs- og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár.
- Endurskoðun viðauka samnings þessa, sérstaklega áherslur, markmið og árangursmælikvarðar.
- Önnur mikilvæg mál.

Miðað skal við að seinni fundur verði í nóvember eða desember og að fastir liðir verði:

- Horfur um afkomu á yfirstandandi ári.
- Forsendur fjárlaga og rekstraráætlun fyrir komandi fjárlagaár.

## 6. Sameiginleg viðfangsefni samningsaðila.


- **Framtíðarskipulag Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum**  
Fyrir 15. apríl 2013 skulu fulltrúar ráðuneytisins og stofnunarinnar hafa farið sameiginlega yfir, metið valkosti og lagt fram tillögu um framtíðarskipulag stofnunarinnar.
- **Þjónustusamningur vegna landsbundinnar tilvísunarrannsóknarstofu.**  
Fyrir 20. janúar 2013 skulu hafnar formlegar viðræður atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Matvælastofnunar (MAST), mennta- og menningarmálaráðuneytis og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum um tillögu MAST frá 31. október 2011 um að Tilraunastöð HÍ í meinafræði verði tilnefnd sem landsbundin tilvísunarrannsóknarstofa. MAST leggur til að Keldur verði landsbundin tilvísunarrannsóknarstofa á 10 sviðum. Í erindi Keldna til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis frá 2. febrúar 2012 er spurst fyrir um fjárveitingar vegna kostnaðar við nauðsynlega aðstöðu, tækjabúnað, þróunarvinnu og úttektir á faggildum mælingaraðferðum, samanburðarmælingar milli rannsóknarstofa, samskipti við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins og fl. Skyldan um að koma upp slíkri aðstöðu byggir á 33. gr. reglugerðar EB/882/2004 sem innleidd var hérlendis með reglugerð 106/2010.
- **Þjónustusamningur vegna ráðgjafar og þjónustu.**  
Fyrir 20. febrúar 2013 skulu hafnar formlegar viðræður atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Matvælastofnunar (MAST), mennta- og menningarmálaráðuneytis og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum um ráðgjöf og þjónustu stofnunarinnar í þágu heilbrigðiseftirlits, sjúkdómagreiningar og sjúkdómavarnir fyrir búfé og önnur dýr og öryggisviðbúnað og forgangsþjónustu á sviði dýraheilbrigðismála.

S. J. 


## 7. Gildistími og endurskoðun samnings

Samningur þessi gildir frá undirritun. Hvor aðili um sig getur óskað eftir að einstök ákvæði samningsins eða samningurinn í heild sinni verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.

Reykjavík, 20. desember 2012



Forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla  
Íslands í meinafræði að Keldum  
Sigurður Ingvarsson



Mennta- og menningarmálaráðgjafi  
Katrín Jakobsdóttir